

SMÞYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
sveitarfélagsins Strandabyggðar, nr. 194/2016.

1. gr.

14. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórnarmönnum og nefndarmönnum í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu Strandabyggð eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Strandabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 3. febrúar 2022.

F. h. innviðaráðherra,

Guðni Geir Einarsson.

Gauti Daðason.